

Karólína Sveinsdóttir

Kaupmannahöfn

2005

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Lára Martin og Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

DVCAM 174, 175

© Krumma films ehf.

DV 174

LM: Já takk, takk.

Já gjörðu svo vel.

LM: Takk. Jæja hérna.

Og hérna, kaffið er hér.

LM: Megum við ekki bara, eigum við ekki að tylla okkur í stofunni?

Jú jú setjist þið bara þar sem þið viljið inni í stofu.

LM: Já takk.

Sestu bara.

LM: Já takk.

HG: Þú verður að afsaka.

Viltu? Já nei. Jæja hvað er langt síðan þú fékkst heimsókn frá Íslandi?

Það er orðið ansi langt síðan. Nei ég segi það nú ekki. Mamma kemur á hverju vori, hvað er ég að segja. Hún fer nú að koma svona bráðum. Í einn mánuð, hún kemur í einn mánuð, er hjá mér í einn mánuð og hérna, svo förum við saman til Íslands og ég er hjá henni í tvo mánuði. Ég ver tveimur mánuðum á ári hjá henni á Íslandi.

Svona fólk

LM: Jæja ja byrjaðu á að segja okkur fullt nafn og hvernig þú vilt vera titluð í myndinni?

Ja bara Kallí.

LM: Já?

Já ég heiti Karólína Sveinsdóttir og faðir minn er nýdáinn eða fyrir einu og hálfu ári síðan. Sveinn Ásgeirsson lögfræðingur. Mamma mín er Sigurbjörg Snorradóttir. Dóttir Snorra Halldórssonar héraðslæknis. Og, og ég á fjóra bræður, fjóra bræður. Einn er, sá elsti er hálfbróðir minn og svo á ég, nei ég á þrjá bræður fyrirgefðu ég á þrjá bræður, sá elsti er hálfbróðir minn en við erum fjögur í allt sko. Og ég er elsta stelpa mömmu og pabba og svo kemur Snorri Sveinsson sem er verkamaður og Ásgeir Sveinsson sem býr á Íslandi og er verkfræðingur, deildarstjóri hjá rafveitunni. Og og hvað næst? [KS hlær].

Já, já ég heiti eins og ég sagði Karólína Sveinsdóttir og ég bý Mørkhøjvej 77 fyrstu til hægri í Brønshøj og hef búið hérna síðustu já fjórtán, fimmtán árin, fimmtán árin. Er að verða sextán ár í september og hef ágæta íbúð hérna, tveggja herbergja með svölum og mér líkar mjög vel hérna. Rólegt og gott umhverfið og það er mikið af trjám og það er skógur hérna við hliðina og lækur hérna stutt frá og voða kósí umhverfi. [KS hlær og hóstar í kjölfarið]. Fyrirgefði.

Ég elst upp í Reykjavík og fór í Menntaskólann í Reykjavík '65 og útskrifaðist úr honum '68. Ég fékk fyrstu einkunn um veturinn en því miður ekki nema sjö um vorið en það var ágætt af því að ég hafði tekið tvo bekki saman svoleiðis að ég var orðin dálítið skólaþreytt, og hérna, ég var mjög hrifin af einni bestu vinkonu minni. Það var nú þannig sem að ég uppgötvaði að ég var lesbísk. Og hérna fjölskylda mín hefur alltaf haldið með mér í þessu og aldrei, alltaf fundist að ég sé gamla góða Kallí og ekkert annað og það skiptir engu máli hvort ég sé lesbísk eða hvað ég er. Ég er bara

hlutur af þeim sem þeim þykir vænt um og mér þykir vænt um þau. Ég er mjög nán móður minni og bróður mínum sérstaklega hér í Kaupmannahöfn.

Já ég var grátandi eina nóttina, hágrátandi af því að ég uppgötvaði að ég var lesbísk og ég var ástfangin af einni bestu vinkonu minni. Og hún kemur inn í herbergið mitt, lítið einkaherbergi, hún kemur inn í herbergið mitt og hérna segir við mig: Hvað er að Kallí mín? og ég segi, styn því upp að ég sé lesbísk og mamma horfir undrandi á mig og segir: Var það allt? Þess vegna ertu að skæla svona? Það er bara allt í lagi sagði hún og fór að segja mér sögur um að hún myndi örugglega hafa prufað það einhvern tímann með einni í hjónarúmi ef að svo hefði viljað til þannig. Og hún sagði að þetta væri allt í lagi að það væru margir eins og ég og margar eins og ég og margir. Og hérna ég þyrfti engar áhyggjur að hafa. Bara líta á þetta, líta á þetta sem hluta af lífi mínu og láta ekkert buga mig. Og það var sko besta mamma sem ég hafði í heiminum fannst mér sko. Og pabbi talaði nú lítið um það en hann sýndi aldrei að hann væri neitt, að ég væri neitt öðruvísi eða að hann hegðaði sér nokkuð öðruvísi á móti mér en hann hafði alltaf gert. Svo hann var frekar fámæltur maður oft á tíðum og við töluðum ekkert um það en ég fann það á honum að honum fannst það allt í lagi líka. Og öll fjölskyldan mín hefur verið þannig líka. Það er bara, ég er bara Kallí þeirra og þar með búið, sama hvers konar sexlíf ég stunda. Það skiptir engu máli.

Já ég var steinhissa að mamma skyldi taka þessu svona vel og dauðfegin sko af því að mér fannst þetta ekkert mér að kenna neitt sko. Ég var bara svona og ég hef aldrei nokkurn tímann skammast mín fyrir það eða neitt. Aldrei. Að vísu hef ég farið svolítið leynt um það eins og ég var ekki eins hugrökk og hann Hörður sem lét taka forsiðumynd af sér, portrett af sér þarna í dagblaðinu þegar við vorum að koma úr skápnum og stofna og nýbúið að stofna Samtökin '78 og ég var inni á heimili þeirra strákanna. Þeir voru þar og það er viðtal við okkur þar, inni í þessari íbúð þeirra hjá dagblaðinu einmitt, og ég vildi nú ekki láta taka mynd af mér nema aftanfrá. Þetta var nú aðallega vegna þess að mér fannst ég vera orðin svolítið feit þarna. Ég var nýbúin að vera á hérna Rhinebeck Lodge og við fengum svo góðan mat að ég fitnaði heil

ósköp [KS hlær] sem að náttúrulega sem betur fer rauh fljótt af þegar ég kom til Kaupmannahafnar aftur. En það var búið að stofna Samtökin '78 og ég þekkti þessa stráka og við töluðum svolítið saman og ég var eina lesban þarna. Ég var eina lesban. Það var engin önnur lesba sem að var með í þessum Samtökum nema ég. Og nokkrir strákar. Því miður. Það hefði nú verið gaman ef einhver önnur stelpa hefði verið þarna líka. En það var nú ekki. En það eru komnar margar núna held ég, er það ekki?

Já ég var nú ekkert voðalega lengi, ég kom á nokkra fundi þarna með strákunum. Og við vorum mikið saman vegna þess að það var alveg tabú í menntaskólanum með allt svona lagað sko. Ekkert minnst á neitt svona í tímum að svona lagað væri til yfirleitt. Allir sem að héldu kjafti sem að er það versta sem að til er.

LM: Fórstu ekki til Þýskalands?

Ég fór til Þýskalands eftir stúdentspróf eftir að hafa verið eitt ár í háskólanum og kláraði uppeldisfræðina sem var líka kölluð pædagogik. Og var í dönsku og þýsku og, nei var í ensku og þýsku og hérna og svo skrifaði ég nokkrum skólum í Þýskalandi, aðallega vegna þess að þessi sem ég var ástfangin af hún fór til Überlingen til Þýskalands að læra þýsku og ég vildi fara til Þýskalands líka vegna hennar. Svo leiðis að ég skrifaði til ýmsra skóla í suður Þýskalandi um upptöku í arkitektúr og fékk svar frá nokkrum og valdi að fara til München. [KS hóstar] Afsakið, og hérna tók upptökupróf. Mér fannst mér ganga ágætlega en það voru svo margir sem sóttu um, yfir 400 manns og einhverjir um 100 komust inn og Þjóðverjar voru í fyrirrúmi náttúrulega og fáir útlendingar teknir inn og ég komst því miður ekki inn en var boðið að taka annað próf á næsta ári en hætti við allt saman vegna þess að ég hérna fór að vinna fyrir mér bara á börum og restauröntum og næturklúbbum og svona stöðum þar sem að var ekki spurt um atvinnuleyfi. Ég hafði ekkert atvinnuleyfi. Og fékk það ekkert. Af því að Þjóðverjarnir höfðu einhver horn í, ég meina lögreglan, þýska lögreglan hérna hafði einhver horn í síðu mér. Sennilega vegna þess að ég var lesba. Og en það held ég alveg örugglega. Og en hérna. Svo hitti ég á Reichenbacherhof,

Það er einn staður, einn af fleiri stöðum en það var aðalstaðurinn fyrir lesbur, það komu bara lesbur þar, engir hommar. Því var skipt svolítið mikið í Þýskalandi eða í Suður Þýskalandi. Og hérna ég hitti þar Guðrúnu Rau, eftirnafn, Guðrún Rau og við komum saman í öll þau ár sem ég var í Þýskalandi sem var eitthvað um það bil fimm, sex ár. Og svo fékk ég bréf frá móður minni. Ég var orðin alkóhólikki, þá þegar ég uppgötvaði að ég varð alkóhólisti þegar ég var sautján ára og það var arfgengt. Það var öll fjölskyldan meira og minna alkóhóliseruð, fjölskyldan mín. Mamma var alki og pabbi var alki og mamma var ekki alki á meðan við vorum ung börnin en hún byrjaði þegar þau pabbi skildu, þá byrjaði mamma að drekka sko. Og það var nú og þetta og það að ég var lesbísk varð til þess að ég flúði, ég var kynferðislegur flóttamaður faktískt og ég vildi, mín heitasta ósk var að finna einhverja kærustu. Og hana fann ég sem sagt á Reichenbacherhof í München. Hún hét Guðrún Rau og hún var ekki alkóhólisti og hélt með mér allan tímann meðan ég var í Þýskalandi. Já svo fékk ég bréf frá mömmu um að koma til Kaupmannahafnar og það var voða fallegt bréf og hún skrifar nú svo falleg bréf. Hún elskar mig virkilega. Og vildi fá að sjá mig og bað mig um að koma ef ég gæti um jól og nýttár hjá Snorra bróður mínum í Kaupmannahöfn og ég ákvað að fara. Og það var endir á okkar sambúð, Guðrúnar Rau og minni af því að ég fór. Og það var fyrst og fremst út af alkóhóli sem hafði tekið yfirhöndina yfir öllu í mínu lífi, ég vildi reyna að fá hjálp, ég var ekki í sjúkrasamlaginu í Þýskalandi og gat ekki fengið neina hjálp þar svo ég fór til Kaupmannahafnar því þar hafa Íslendingar sömu réttindi eins og danskir á Íslandi og öfugt.

Og það gekk svona upp og niður með drykkjuna og ég hafði nú alltaf, var alltaf á köflum edrú. Og þegar ég kom til Kaupmannahafnar þá var það árið '75 víst. Ég hélt það hefði verið '76 en það var '75.

Jú, jú, ég hérna, fyrsta vinnan mín var húshjálp. Ég bjó hjá ítalskri-svissneskri fjölskyldu, sem átti tvær dætur, fimm ára og eins árs og hérna var svona að sjá um þær og gerði húsverk og ýmislegt en svo saknaði ég Guðrúnar svo mikið að ég ákvað einu

sinni þegar ég var full að fara til München og bara heilsa uppá hana. Og ég gerði það og hún borgaði fyrir mig konan sem að ég var hjá, þetta var ágætis fólk og var að bjóða mér með til Gran Canaria vegna þess að þau ætluðu að kaupa flugvél, maðurinn var að læra að vera flugmaður og þau ætluðu að kaupa flugvél og og flytjast til Gran Canaria. Og buðu mér með en ég vildi fara og heilsa uppá Guðrúnu. Ég saknaði hennar og ég gerði það og hún borgaði fargjaldið fyrir mig konan og sagði að mætti alveg koma aftur ef ég vildi ef þau væru ekki farin. Og ég fer til München og er nú svolítið svona blaut þar og hérna hef uppi á Guðrúnu svo á endanum og við föðmuðumst bara og hún sagði: Gangi þér vel og ég sagði: Gangi þér vel, og það var svona endirinn á þessu öllu saman. En það var gott að sjá hana aftur, voða gott að sjá hana en það var allt búið þannig. Ég komst að því að það var allt búið sko. Fór svo aftur til Kaupmannahafnar og reyndi að ná í þessa fjölskyldu en hún var farin sem betur fer vegna þess að það kom í ljós að hann var í mafiunni maðurinn sko [KS hlær]. Svoleiðis að það var nú lán í óláni. Þetta var nú ágætis fólk en maðurinn var bara í mafiunni sko. Og hérna mig hefði nú ekki langað til að bendlast við hana. Ég hafði ekki hugmynd um það fyrr en eftir á að hann skrifaði til *Politiken* að hérna: Þið náðið mér aldrei og ég er fluttur. Þið náðið mér aldrei og þar með basta. Dagani hét hann, eitthvað svolleiðis. Og hérna já, þá fór ég að og, fór ég líka að skúra gólf á morgnana svona og fór fimm til sjö í skóla og svona í nokkra mánuði og svona ýmislegt dót. Og þá hitti ég hérna, hitti ég hérna Kirsten Sørensen á Pan Club hérna í Danmörku fyrir lesbur og homma. Diskótek fyrir lesbur og homma hérna í Kaupmannahöfn. Og við urðum ástfangnar hvor af annarri og hérna hún bjó úti á Amager og við vorum saman í þrjú ár, tvö og hálft ár til þrjú ár og, og já, hún var ekki alki. Hún drakk ekki mikið. Hún drakk bara eins og venjulegt fólk eða þannig. Og hérna hún var voða góður elskhugi man ég.

Og hérna, þá var ég eitt ár í Handelshøjskolen hérna í Kaupmannahöfn. Í þýsku og ensku og erhvervsret, sem sagt, það heitir erhvervsret, það er hérna réttur, ja ég veit ekki hvað það heitir á íslensku, erhvervsret, ja vinnurétt, vinnulög eða eitthvað svolleiðis, fyrirtækjalög eða eitthvað svolleiðis, vinnulöggjöf já.

Og þá fer ég til Þýskalands aftur, til Hamborgar og fékk mér fyrst herbergi og flyt frá Kirsten og inn í stórt herbergi ekki langt frá þarna úti á Amager þar sem bróðir minn býr núna og hérna kynntist Benitu Gerlach og við komum saman allt sumarið. Það var '78 og, eða '79 það getur verið, og við komum saman allt sumarið þar til hún varð fyrir óhappi eða fremur sjálfsmorð. Ég er ekki viss. Ég ætla að vona að það hafi bara verið óhapp. Af því ég man að ég sagði til hennar þegar hún kom inn í herbergi til mín, okkar herbergi og hún var komin á fætur á undan mér, og hún drakk, var alki líka og við drukkum mikið. Og ég, hún kom inn með eina bjórdós fyrir mig og hérna vakti mig og sólin skein og allt var dásamlegt og ég sagði einmitt við hana: Var ég búin að segja þér að ég elska þig? sagði ég. Og svona við föðmuðumst svona og hérna og við förum til, það var íbúð þarna á sömu hæð og það var hjól úti á þaki. Er komið hjól. Helvítis hjól þarna. Og hérna allt í einu, við erum að drekka þarna hjá þessu pari og allt í einu heyrum við öskur og við þjótum út og liggur Benita á jörðinni á elleftu, hún hafði hjólað frá elleftu hæð og útaf. Það var ekkert, engin girðing, ekkert sem hélt því að ekki einu sinni kantur eða neitt sko. Það var bara slétt þak. Og sem sagt var, hafði dáið eins og skot. Og ég brjálaðist alveg og óð um Kaupmannahöfn og fór fyrst til eins, bestu vinkonu okkar sem var transvestít sem var sko búin að láta, hafði látið, var fyrrverandi þýskur hermaður, var gömul kona, fyrrverandi þýskur hermaður sem hafði fengið kynskiptiuppskurð í Casablanca því það var hvergi annars staðar hægt að fá það á þeim tíma. Sem að gerði það og hún hjálpaði okkur sko fjárhagslega og var góð vinkona okkar og ég þaut til hennar og hún lét mig hafa tíu mörk man ég og sagði mér að kaupa mér einn bjór og slappa af og hún ætlaði að setja upp feltseng sagði hún. Svona bedda fyrir mig til þess að sofa. En ég gat ekki, ég þaut, ég óð í gegnum alla Hamborg, man ekkert hvar ég var eða neitt. Missti algerlega tímaskynið og svo fer ég aftur í, veit bara, man það að ég fer aftur hérna upp í herbergið okkar á elleftu hæð þarna og svaf með jakkann hennar í fanginu. Og þangað til að lögreglan kom og vakti mig. Hurðin var opin. Kom inn og vakti mig. Og ég var færð á sjúkradeild fangelsisins í Hamborg og var þar í viku þangað til að ég var búin að ná mér nokkurn veginn. Og þá hérna var ég send með flugvél til Kaupmannahafnar aftur. Ég var send

með flugvél. Þeir voru það góðir sko. Hálf tíma tók það að fara til Kaupmannahafnar og ég drakk, ég hafði aldrei eytt þessum tíu mörkum í neitt sko og ég man að ég keypti mér þrjá eða fjóra vodka fyrir það [KS hlær]. Og eina kók eða tóník eða eitthvað svoleiðis. Og fór svo í herbergið mitt, var ennþá á sínum stað auðvitað og það var allt eins og það átti að vera og það hefur skeð svo margt sko. Það hefur skeð svo margt í lífi mínu. Ég meina bara. Ef maður fer að rifja það upp.

Það er eins og að missa allt svona tímaskyn. Það skeður svo margt á stuttum tíma sko þegar maður er ungur. Það er öðruvísi þegar maður er orðinn svona eldgamall eins og ég er núna sko. Skeður aldrei neitt [KS hlær] nema það sama. Verst er það að verða eldri finnst mér, á mínum aldri og svona. Myndi mjög langa til þess að eiga einhverja kærustu eða svona eða samkonu eða vinkonu eða eitthvað. En ég var nú bara svo vitlaus ég sjálf að ég sleit þessu sambandi við bestu vinkonu mína og einu vinkonu mína í '95. Hún hét Deborah Perris. Átti einn lítinn son. Engan pabba, hún mundi ekkert hver hann var sko, hún var alki líka. Á antabusi. Og hún átti til að verða svolítið æst og svona en hún var ágætis stelpa samt. Ég sem sagt hætti að kontakta hana og nú á ég enga vinkonu eða neitt. Það er eiginlega það sem mig vantar. En ég hef alltaf haft það gott með sjálfri mér. Ég hef alltaf getað svona. Ég hef einhverja einu, hvað á maður að segja, svona ég hef alltaf komið ágætlega af saman við mig sjálfa að selda. Ég meina það er allt í lagi, það er ekkert svo hræðilegt sko.

LM: Þú ert komin þá úr meðferð eða þannig?

Já nei hérna, '78 eða níu þá kemur pabbi minn í heimsókn í til Kaupmannahafnar og ég er þá dauðveik hjá bróður mínum. Danskarnir kalla það fuldesyge sko, fylleríisveik. Og hann spurði mig hvort ég vilji fara til Bandaríkjanna og ég þæ það með þökkum. Og ég segi: Mátt skera hægri hendina af sko í staðinn. Ég verð að hætta þessu einhvern veginn. Og ég fer til mömmu til Íslands og fer svo á Freeport stuttu eftir að ég fer til Íslands, fer svo á Freeport. Ég held það hafi verið í október nei byrjun nóvember kom ég svo til Freeport og fer svo, má velja hvort ég fer á Vista

Veritas eða Rhinebeck Lodge. Ég fer heldur á Rhinebeck Lodge. Þetta Vista Veritas það er kaþólskur eða kirkjulegur staður og ég er ekki, ég trúir ekki, ég trúir á eitthvað en ég trúir ekki, ég trúir á gyðjuna en ég trúir ekki á kirkjuna og religion sko. Og hérna þar lærði ég mikið, á Rhinebeck Lodge. Ég var tvo mánuði því ég var alveg sérstakt fyrirbæri [KS hlær]. Þannig að ég var sérstaklega erfitt fyrirbæri [KS hóstar].

DV 175

Já, já ég gerði sjálfa mig að case-i af því að ég, fyrsti mánuðurinn fór í það og annar eiginlega líka að vera dauðástfangin af einni, einum sálfræðingnum. Hún hét Mim Burson, Miriam Burson og var gyðingur. Og ég vildi vera tvo mánuði vegna þess að ég var svo hrifin af henni. Ég gerði sjálfa mig að case-i og bað um að ég yrði að vera einn mánuð í viðbót til þess að ná þessu öllu saman. Og [KS hlær] það var samþykkt. Og það tók nú heldur ekki lengri tíma fyrir mig að hérna og svona gleymdi ég henni svolítið þegar ég kom heim aftur. Það var bara þessa tvo mánuði. Og hérna svo fór ég eiginlega strax til Kaupmannahafnar. Eða ég vann í hálf ár hjá lánasjóði ríkisins og ætlaði að fara á hérna, á ráðstefnu til Spánar um homma og lesbuhátíð. Ráðstefnu ekki hátíð, heldur ráðstefnu. Heimsráðstefnu homma og lesbía sem var haldin á Spáni, ég man ekki nákvæmlega hvar. Og hérna, en ég kynntist einni stúlku í Kaupmannahöfn. Charlotte Lauretsen sem var alki og við vorum að drekka saman og við komum saman og ég gleymdi allt um ráðstefnuna og missti af flugvélinni og var bara saman með henni [KS hlær]. Og hérna voðalega sæt og voðalega ræðin og allt öðruvísi en ég vegna þess að ég, vegna þess að ég á svolítið erfitt með að tjá mig og ég er svona frekar þögnul manneskja en hún var þvert á móti sko alveg opposite. Og en við komum vel út því saman og vorum saman í eitt og hálf ár, eitthvað svoleiðis sirka. Og svo eftir það kynnist ég Kirsten Sørensen og ég bjó hjá henni í tvö og hálf ár.

Já, já, ég byrja strax að drekka sko.

LM: Og og þú hittir, hvenær hittirðu svo, hittirðu Liselotte [Óskýrt] skömmu síðar?

Já.

[...]

Og '81 þá hitti ég, ég er voða mikið í Kristianíu á þessum tíma og '81 í nóvember, man ég nákvæmlega, hitti ég stóru ástina mína og hún hét Debbie Ann Perris, Debbie Perris. Og ég hérna sá hana, hún var átján og ég var 32ja. Hún kom saman með einhverjum gæja þarna sem ég þekkti líka. Og það var á Mánafiskinum í Kristianíu. Ég var með í mánanum, alltaf í mánanum þá, í Kristianíu, Mánafiskinum. Og við urðum svona vinkonur smám saman. Það skeði svona hægt og rólega með tímanum með Debbie og mig. En svo fór ég á eitthvað synasis sem er alveg ógeðslegt stof. Alveg ógeðslegt stof. Það tekur allan filing, maður er eins og zombie. Maður er algerlega tilfinningalaus og algerlega blæst ud og liggur bara í rúminu og gerir ekki neitt og ég lifði á jógúrt allan tímann. Og svo kom nú móðir mín til mín nokkrum sinnum meðan ég var, ég bjó líka á hérna Sundparken, fékk fyrstu íbúðina mína eftir að ég var búin að vera á götunni í níu ár. Ég var með hæli líka á Sankt Hans og mjög mikið á Sankt Hans og fæ svo tilkynningu um það að ég hafi fengið íbúð í Sundparken úti á Amager og það var ekkert voðalega langt frá þar sem Debbie bjó. Hún bjó á Grækenlandsvej úti á Amager en er flutt þaðan núna ég veit ekki hvert. Hún á tvíburabróður. Ég er að hugsa um að hringja í hann einhvern tímann, hugsa að taka mig saman og hringja í hann einhvern tímann. Hann er ágætis vinur minn líka. Og hérna ég bara er aðeins of, ég bara get ekki tekið mig saman um að gera það en ég ætla nú að reyna að gera það samt.

Já já, já það var alveg ágætt. Það var svona álíka og að vera á Rhinebeck Lodge. Ég meina við ræðum sömu hlutina og svona og ég vissi þetta ósköp vel allt saman. Og hérna þetta var bara upprifjun á því sem ég lærði á Rhinebeck Lodge og ég hitti margar sætar stelpur, þar á meðal þig þar sko. Og kom gott út úr því.

Ég man ekkert eftir því, því miður. Ég man bara ekkert eftir því sko, það er alveg lokað fyrir það í heilanum [KS hlær]. Gerði ég það já? Já, ja það getur vel verið. Ég segi ekki ennþá hverjum og einum að, ég segi ekkert að ég sé lesbísk neitt, ég er ekkert að tilkynna það. En það er gamall vani bara. Ég meina, ég er það bara og ég skammast mín heldur ekkert fyrir það. Þvert á móti. Ég er mjög hérna, mjög hérna stolt lesba sko. Upp með okkur! [KS hlær, steytir hnefa].

Ég var, ég var ekki mikið saman með Rauðsokkunum en svolítið með feministunum. Sérstaklega þeim lesbísku sko.

LM: Áttu einhverjar sögur um þær, eða andrúmsloftið á milli feminista og Rauðsokkanna?

Það var ágætt en það var verra með Rauðsokkurnar og lesburnar. Þetta var svolítið svona, árekstrar þar á milli stundum. En ekki mikill. Það var allt í lagi sko. Ég veit það bara ekki. Ég var ekki svo mikið inni í því. Ég kom á böll og var lengi í Kvindehuset sem er hérna. Var þar sko saman með Charlottu í áfengisgrúppunni. Hérna alkagruppunni sem að, áttum að styðja hver aðra, svona stuðningshópur.

LM: Ferðu á AA fundi enn í dag?

Nei nei ég þarf þess ekkert, ég er búin að vera edrú í sextán ár í september, væna mín. Hef aldrei verið með, jú tvisvar með mömmu, annars ekki. Mér líður ágætlega. Mér dettur ekki til hugar að fá mér neitt að drekka sko. Það bara alveg bara burt sko, allt svona.

Jú ég fer á hverju ári hérna í Gay pride gönguna saman með mömmu. Með mömmu. Og við göngum hana, ef hún ætlar eitthvað að fara að ganga á gangstéttinni þá hífi ég í hana og út á götu aftur og hún gerir það [KS hlær]. Hún gerir allt sem ég segi. Og við horfum á dagskrána á Ingólfsplássi þarna og skemmtum okkur alveg konunglega.

Ég hef bara aldrei vitað meiri breytingu á ævinni á Íslandi. Það er bara að verða paradís fyrir homma og lesbur. Já, mér finnst þetta bara vera komið lengra en Danmörk. Ég veit það ekki. Ég er búin að búa hérna svo lengi. Hvað tuttugu og hvað frá '95, nei frá '75. Nei mér finnst Íslendingar miklu opnari fyrir þessu en Danir eru. Danir eru bonderøve, Danir eru bænda, eru miklu meiri bændur í sér en Íslendingar. Eða Reykjavíkurbúar allavega og það er miklu, það er nú Gay pride ganga hérna í Danmörku líka og það er, ég hef nú aldrei náð því að ganga hana vegna þess að hún er á sumrin líka svo ég geng þá íslensku í staðinn og mér finnst bara stórkostlegt að vera með í henni. Meira get ég ekki sagt sko. Mikil breyting. Og keep on! [KS *steytir hnefa*].

LM: Þetta er bara frábært.

Finnst þér það? Mér finnst þetta voðalega ruglingslegt og ég man ekki tíma... [KS *hlær*].

LM: Það er allt í lagi. Við finnum út úr því.

LM: Af hverju leið þér svona illa á Íslandi?

Af því að það var engin lesba sem ég hitti á Íslandi. Ekki einu sinni í Samtökunum. Og ég þráði bara vinkonu. Þráði eftir að halda vinkonu í mínum örmum. Ég dreymdi það meðan ég var í háskólanum og fór svo til München strax um vorið og fyrsta sem ég gerði var að athuga hérna hvar lesbubarnir væru.

LM: Voru þær bara heima þá?

Ég veit ekki hvar þær voru. Þú getur ekki spurt mig. Þú verður að spyrja þær um það.

Jú ég var með hommunum stundum í Þjóðleikhúskjallaranum. Við skemmtum okkur konunglega. Líka þarna í heimahúsi og þar vorum við að drekka líka sko og það var reglulega gaman. Meira að segja Jón myndlistarmaður fór með mér til München og þar drukkum við líka og það var allt í lagi sko og við lifðum á hérna, á baunum í dós, tómatsósu og spæleggi man ég. [KS hlær] Það var það ódýrasta sem hægt var að fá. Og svo fór ég að vinna þarna á restaurant rétt hjá. En þá hitti ég Guðrúnu og flutti til hennar.

Ég held að það séu tíu prósent menn og tíu present konur sko. Annars veit ég það ekki nákvæmlega sko. Ég hef ekki tekið neina skoðanakönnun eða neitt.

Nei nei mér líður ágætlega svona. Ég er vel stödd. Hef lært alveg nóg í lífinu.